

REGLUR um Háskólaútgáfuna.

1. gr.

Háskólaútgáfan er starfrækt af Háskóla Íslands og heyrir beint undir háskólaráð.

2. gr.

Markmið Háskólaútgáfunnar er að gefa út rit um málefni sem tengjast starfsemi Háskóla Íslands. Skal að því stefnt að nafn og merki Háskólaútgáfunnar auðkenni einkum viðurkennd rit sem ætlað er að miðla þekkingu og dreifa niðurstöðum rannsókna. Útgáfuverkefni af öðrum toga sem Háskólaútgáfan annast sjálf eða fyrir aðra skulu að öllu jöfnu auðkennd með öðrum hætti.

3. gr.

Hlutverk Háskólaútgáfunnar er:

- a. að veita aðilum innan Háskóla Íslands fjölbreytta þjónustu á sviði útgáfumála,
- b. að annast prentumsjón og framleiðslu á ritum sem tekin eru til útgáfu undir nafni og merki Háskólaútgáfunnar,
- c. að vera milligönguaðili um hagkvæma samninga við aðila utan háskólans um einstaka framleiðsluþætti í útgáfuferlinu,
- d. að annast sölu og dreifingu á ritum háskólamanna og standa fyrir kynningu á þeim,
- e. að veita háskólamönnum ráðgjöf á sviði útgáfumála,
- f. að efla samstarf við rannsóknarstofnarnir og háskóla um dreifingu rannsóknæfnis,
- g. að leita eftir styrkjum og stuðningi opinberra aðila við útgáfuverkefni.

4. gr.

Háskólaráð skipar Háskólaútgáfunni þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundum bréflaga, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveiri eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðarbók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Forstöðumaður situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir Háskólaútgáfuna, markar henni stefnu um útgáfu og rekstur og ber ábyrgð á starfsemi hennar gagnvart yfirstjórn háskólans. Meðal verkefna stjórnar er að staðfesta ráðningu starfslíðs, samþykkja rekstraráætlanir og

verðskrá auk þess sem stjórnin tekur afstöðu til allra tillagna um stærri útgáfuverkefni sem ráðist er í undir nafni Háskólaútgáfunnar.

7. gr.

Rektor ræður forstöðumann útgáfunnar að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri útgáfunnar, gerir tillögur til stjórnar um ráðningu starfslíðs og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður gerir samninga um framleiðslu á útgefnum ritum og er heimilt að fela verktökum að annast heildarprentumsjón.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.

Tekjur Háskólaútgáfunnar eru:

- a. andvirði rita sem seld eru fyrir reikning útgáfunnar sjálfrar,
- b. þóknun af sölu rita fyrir reikning annarra,
- c. greiðslur vegna verka sem útgáfan tekur að sér,
- d. umsýslu-, þjónustu- og lagergjöld vegna útgefna rita,
- e. styrkir og aðrar tekjur.

9. gr.

Reikningshald útgáfunnar er hluti af reikningshaldi háskólans. Árlega skal leggja fyrir háskólaráð sjálfstætt og endurskoðað reikningsuppgjör útgáfunnar.

Gætt skal að því að opinberu fé sé varið í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

10. gr.

Formlegt mat á rekstri og starfsemi Háskólaútgáfunnar skal fara fram með reglulegu millibili, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 22. mars 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.